Alla samlas kring idén. De vill pröva. Kirsten lovar att rita ett mönster som kan sys, vävas eller göras i applikation. Och Anna säger att när alla arbeten är färdiga kan vi kanske hänga upp dem i Konsthallens cafeteria. Entusiasmen blommar. Detta blir nästa års jobb och man tar upp sina almanackor för att pricka in en lämplig dag år 1977 på våren.

MAJKEN SÖRMAN-OLSSON

Unik utställning på Konsthallen:




Livets port kallar danskan Elsebeth Möller sin textil i makramé och wrapping.

Mustiga trasryor och vävda porträtt i svart-vitt

Helsingborgs Dagblad
20/10-76

MALMÖ (HD) Idén med en nordisk textilutställning är god. Om sedan resultatet lever upp till förväntningarna kan råda delade meningar. Nu finns dock Nordisk Textiltriennale 1976–77 till beskådande i Malmö konsthall till och med den 24 oktober. Ett besök är inte utan behållning. – Textilkonsten är två trådar i kors, har Elsa Gullberg sagt. På sin tid löste hon gåtan om hur antikens veckade kläder komponerats, presenterat i verket "Ariadnes tråd".

Den textila utvecklingen har på senare år lett fram till ett starkt engagemang. Textilen har integrerats i samhällsdebatten. Det är när den fria textilkonsten tar sig politiska och sociala uttryck, som kommunikationen mellan bild och betraktare känns nära. Man upplever den våldsamma ansträngningen bakom verket. De realistiska bilderna blir ett kampmedel – kan inge betraktaren kraft, väcka indignation, ilska, bara inte likgiltighet.



Sidsel C. Karlsens "Alla mäns dröm" går det bra att studera lite närmare i Malmö Konsthall. *Ulla Stenfeldt* rapporterar.

"MÄN OCH KVINNOR"

Ovanligt stark är upplevelsen inför isländska Sigrun Sverisdotters gobeläng "Män och kvinnor". Man betraktar fem par nän vända mot varandra som på spelkort, eller över ett konferensbord. Mittfältet upptar åtta kvinnoansikten bakom galler. Blodröda fåglar försöker flaxande nå friheten. När man studerar "gallret" ser man, att det är inget galler, utan männens slipsar, som löper parallellt över vävnaden och utestänger kvinnorna. Det är en skicklig komposition i dova färger, en suggestiv bild, som med från symbolik visar upp kvinnans sociala underläge.

Det finns fler sådana bilder. Thorbjörg Thordardottir har vävt "Kvindens livsmönster" i svit från brudstolen, över skurhinken, barnafödslar till den slitna gamla kvinnan som lutar sitt huvud mot livets slut.

Pirkko Hammarberg, Finland, har en stor vävnad i härlig, mustig trasryateknik "råg och potatis" – är en hyllning till naturen själv, pekar måhända också mot ett mer energisnålt, kärvare, naturnära livsmönster. Textil har många uttrycksmedel, inte minst genom materialet, strukturen, den påtagliga känslan av färger, former. Det kan vara en ren estetisk skönhetsupplevelse, en livsbejakande färgsprakande mönsterkomposition.

PORTRÄTT

Maria Yorstone har gjort ett elegant svartvitt vävt porträtt av Lasse Hallström. Sidsel C. Karlsen har vävt röda kysstäckta flickläppar, ironiskt döpt verket till "alla näns dröm".

En raffinerad lek med vita snören i en svävande mobil har Gregor Fedyszyn "Megalophyllom, Hyperborea" för tanken till tvättsvampar coh svallande korallrev.

Roligast på hela utställningen är Anna Lena Emden, som stickat sina tavlor "Svärmeri", "Sommarbröllop", "Sticka till sjöss". Det är en färgglädje i blommor och blader, fåglar, fingerfärdigt hopknåpade små figurer, gjorda i relief, en härlig naivitet, en nostalgi, en humor och putslustig ironi, som möjligvis kan återfinnas i verk av Miro, Chagall eller Olle Olsson i Hagalund. Men tänk er i en stickad grej! Det är fantastiskt roligt.

Här finns tvåra kast mellan bilder, budskap, teknik och material.

Här finns komplicerad väveteknik, men också en stor enkelhet.

Danskan Annette Juels har gles varp upphängd i motljus på plaststavar. Den enkla trådkompositionen i naturfärger silar ljuset. Enklare än så kan det knappast vara – här finns inte ens två trådar i kors, bara trådar som löper parallellt in i evigheten.

ULLA STENFELDT

Bonniers Rom 16/10 01

Även Britta Stenberg-Tyresfors, Sverige, berättar i sin "Avsked till en mark" om ett landskap, men har valt att stryka av sin lätta pensel över trådarna och ge ett stänk av romantik och dröm åt sitt landskap.


Thorbjörg Thordadottir och Sigrun Sverrisdottir båda Island, berättar i minsta detalj vad de upplever. "Kvinnans livsmönster" och "När arbetsdagen slutar" återger detaljrikt ett faktiskt skeende.

Även om det exakta återgivandet berättar om skicklighet, njuter man på ett annat sätt av Kerstin Åsling-Sundbergs, Sverige "Det första snöfallet". Det finns ingenting föreställande i hennes verk, det är rätt och slätt en skön yta, harmoniskt stånd, skön på en vägg, skön på ett bord.

Väggtextil, ja, det handlar inte bara om det på utställningen. Helt utanför allting går Sigurlaug Johannesdottir och Arndis Ögn Gudmundsdottir, Islands små skulpturer. Vad sägs om "Blommor" i fri väv och en serie alldeles omotiverade, men mycket humoristiska röda rädisor. Litet av samma glädje finns i kalmarkonstnären Thomas Jahnkes gamla bekanta "Den gamla pedagogiken". Thomas Jahnke har förresten sällskap i sin fria modellerande teknik av Gudrun Skeie-Stokstad som visar "Prelat" och "Inramade ämne".

Helt ensam i sitt sätt att uttrycka sig är kalmarkonstnärinnan Sonja Hahn-Ekberg, vars skulpturala smycken lyser som alltid!

Udda i sammanhanget är även Anna Lena Emden som arbetar med stickade bilder ur livet. Egentligen är det förunderligt att inte fler textilare valt detta material. Stickat låter sig ju lätt formas, och dessutom ger de enskilda maskorna stort utrymme för fritt skapande.



Sonja Hahn-Ekberg: Kimono

Anna Lena Emden har valt den naivistiska bilden, sommarbröllopet och briggen på vågen. Det är en textil konst som anknyter mycket till vår folkliga konst både i uttryck och färger. Inte ens blomsterrankan saknas.

Att plocka ut några verk ger egentligen ingen utställning rättvisa. Ser man på textiltriennalen i stort rymmer den mest monumentalverk i traditionella tekniker. Det är stora vävar som var och en för sig i sina färger, eller former, skapar rörelse i ett rum. Några vävar byggs upp i sektioner. Utvikningar och vinklar i materialet ger rumsdjup och även vävar i avdelningar ger en viss rörelse inom en given ram.

Utställningens kanske enklaste, men på sitt sätt också vackraste textil, är Connie Hansens, Danmark, "Rörelse i vattnet" i fyra sektioner. Över en djupt blågrå yta löper några virvlar, nätlika och liksom flytande över sammetsstycket. Så skön kan harmonien vara, bara en virvlande rörelse att låta fingret löpa utefter.

Den nordiska textiltriennalen skall återkomma, som namnet också anger, vart tredje år. Närmast vandrar utställningen till Åbo och därefter till Reykjavik och Torshavn.

GUNILLA PETRI

Arbetet 76.08.23

Modern nordisk textilkonst!

Snöiis vinter av den svenske textilkonstnären Silja Carlsson, Hunde.


MALMÖ: I slutet av september presenterar Malmö Konsthall något sällsynt som den första nordiska textiltriennalen. 55 textilkonstnärer från Danmark, Finland, Island, Norge och Sverige deltar i utställningen, som vill ge en samlad bild av vad som händer inom den nordiska textilkonsten.

I den tidning som tillkommit i samband med utställningen ställs frågan: Finns det en speciell skandinavisk stil? De svenska textilkonstnärerna var skeptiska till utställningen, eftersom den inte hade en politiskt målsättning. Men den nordiska kommittén bakom utställningen var överens om att det inte fick vara någon sorts begränsning om utställningen skulle ge en samlad bild av vad som händer inom nordisk textilkonst.

En arbetsgrupp från vardera landet, bestående av utövande textilkonstnärer, svarar för urvalet tillsammans med Nordjyllands Kunstmuseum i Ålborg, där utställningen hade premiär i mitten på sommaren. Just nu visas den i Oslo och den 29 september är det Malmö:s tur.

Barometern 76.10.0

Nordisk textilkonst



Thomas Jahnke: Den gamla pedagogiken

Vad skall vi ha den textila konsten till? Det är lika bra att man gör det klart för sig innan man ser årets stora satsning och nya giv, den Nordiska textiltriennalen, som just haft vernissage på Malmö Konsthall. Kan textil konst vara brukskonst, textila ting att bruka och förskona en grå måndag med, eller är textil konst "se, men inte röra" ett sätt att uttrycka sig, besläktat med oljan och akvarellen, ett nobelmedium targere.

Den Nordiska textiltriennalen upplever man som en icke bruks-konst. Här handlar det om textil bildkonst i olika varianter, textil konst att hänga på väggen. Kanske blir man litet besviken för det. Det vore skönt om någon ville ta ett grabbtag i de textila bruksvarorna och förnya den.

Speciellt besviken känner man sig när man ser utställningens typtryck. De är rent ut sagt tråkiga och intetsägande. Varken mönster eller komposition lockar till vardagsbruk, och inte är de nyskapande, eller inspirerande nog att vara tankeväckande.

Spännande är ändock med en nordisk textiltriennal. Den föddes hos en grupp textilare då man konstaterade att Norden har svårt att hävda sig i internationella sammanhang. Vi kom helt enkelt bort vid den stora textila biennalen i Lausanne i Schweiz.

Efter inbjudan till textilkonstnärer i Sverige, Danmark, Norge, Finland och Island, hänger nu den jurybedömda utställningen i Malmö till den 24 okt med sina drygt hundra nummer.

Låt oss genast konstatera att det handlar om en rent dekorativ konst, samtidigt som det handlar om en textil konst som bär med sig hela den traditionella textila bagaget. Det händer inte särskilt mycket i den textila konsten i Norden just nu, inte av utställningen att döma i alla fall. Tidigare generationers återanvändande textila konst – trasmattan, lapptäcket, kistbonaden och ryatäcket – hade faktiskt stått sig gott.

Men bortse från det. Låt oss se denna första triennal som en inventering, ett stapplande försök att byta impulser och tankar, en trevande hand mot en gemenskap och ett kraftmätande, som säkert kan bli fruktbart.

Utställningens verk hänger inte nationsvis. Tack för det, det tvingar besökaren att själv finna linjer och inte lätt falla för schablonen att t ex finska, danska eller svenska konstnärer har speciella nationella drag. Vissa finns dock. De finska konstnärerna strävar gärna efter dova jordfärger i sina kompositioner, i den isländska trenden träder främst det naturalistiska draget fram.

Efter en första förutsättningslös vandring genom salarna slås man av skönheten i den nordiska textila konsten. Den är dekorativ och rörlig, dekorativ både i smickrande färger och i grova och dova.

Många stämningar uttrycks i bildväven, där man för att få ytterligare dimensioner arbetar i flera plan, både ut i rummet mot åskådaren och längst med konstverket i asymetriska utvikelser.

Anne Marie Kommissars, Norge arbetar i "Arken" på traditionellt sätt men med en spänning i form och grovlek. På samma traditionella vis skapar Marja Ojanerkka, Finland, men med mycket lö medel och genom ytornas harmoni får hon fram "Bondbarnkopets" lätta kyla och plötsliga stillhet. Textilt material har ju förmågan framför exempelvis oljan och akvarellen att som egenskap ha en viss rymd, vilken ger naturliga skuggor och skiftningar även i en slät yta.

Pohjoismainen

tekstiilitriennaali

76 77

Meillä on kunnia
kutsua Teidät avajaisiin
sunnuntaina 7.11.-76 klo 17 Wäinö Aaltosen Museoon Itäinen Rantakatu 38 Turku

Tekstiilitaiteilijat r.y.
TEXO

Nordisk textilkonst mönstras på Åbo-expo

ÅBO (Hbl) På initiativ av de danska textilkonstnärerna har grunden lagts för någonting man hoppas blir en ny nordisk tradition, en nordisk textiltriennal som kommer att anordnas i tur och ordning i de nordiska länderna. På Wäinö Aaltonenmuseet i Åbo öppnades på söndagen den första utställningen, en vandringsexpo som hittills visats i Aalborg, Oslo, Malmö och som ännu skall sändas till Reykjavik och Torshavn. Med är 116 verk i stort format, av vilka 21 från Finland. Det är meningen att den nordiska textiltriennalen skall återkomma vart tredje år.

Till årets triennal inlämnades sammanlagt 688 arbeten. Dessa sovrades sedan småningom i Aalborg tills bara en sjättedel återstod. I juryn satt en representant från varje land, från Finland Pirkko Hammarberg.

Totalt 87 arbeten inlämnades av finländska textilkonstnärer.

Ekonomiskt kan den storstilade utställningen genomföras tack vare ett anslag från Nordiska kulturfonden och genom samarbete med utställningsorterna. Redan under planeringsskedet erhöll triennalen ett stort antal inbjudningar även till andra orter än de planerade, men endast Färöarnas inbjudan kunde tas emot varför Torshavn blir sista anhalt. De färiska textilkonstnärerna kommer också själva att delta i nästa triennal.

Textiltriennalen bjuder på ett mångsidigt urval av olika tekniker, former, storlekar och färger på arbetena och torde representera ett gott genomsnitt av textilkonsten i Norden för närvarande. Utställningen stannar i Åbo fram till den 5 december. Den äger rum i WA-museets nyrenoverade bottenvåning.



maa, Suvi Kumpulainen, Sirkka Vuori Sirkka Lehto och Pirkko Hammarberg — den i finländsk representant i juryn för den nordiska textiltriennalen — i upphängningstagen andet av textilutställningen i WA-museet i Åbo. (Foto: Hede)

Norræn veflist

– að Kjarvalsstöðum

VEFLISTINA hafa Norðurlöndin lagt stund á frá örófi alda, í fyrstu til að skýla limum fyrir veðri og vindum, síðar til augnayndis eða til heiðurs Guði og fylgiliði hans. Á 20stu öld hefur veflistin smátt og smátt orðið að meiriháttar listgrein og stóðu þá Norðurlöndin eðlilega framarlega í þeirri þróun. Nú er svo komið að öll eiga þau sér mikilhæfa listamenn í þeirri grein og fara þeir sínar eigin leiðir, en eru þó sannfærðir um séreinkenni veflistar á Norðurlöndum.

Veflistinni hefur undanfarin ár verið vmis sómi sýndur af listasöfnum á Norðurlöndum, en þó ekki nægur að áliti margra listamanna á þessu sviði. Fyrir tveim árum kom saman vinnuhópur veflistarmanna í Danmörku til að leggja drög að stórri sýningu sem gæfi fyllri hugmynd um það sem væri að gerast í veflist á Norðurlöndum. Annaðist Félag textilhönnuða undirbúning á því stigi fyrir Islands hönd. Skyldi sú sýning fara fram á þriggja ára fresti og ferðast um þau öll. Með styrk frá Norræna Menningarmálasjóðnum og annarri fyrirgreiðslu var síðan lagður grundvöllur að þeirri sýningu sem mun standa yfir að Kjarvalsstöðum frá 29. janúar til 20. febrúar.

Auglýst var eftir verkum og var skipuð dómnefnd kunnáttumanna frá öllum Norðurlöndum og sat Ásgerður Búadóttir í henni fyrir Islands hönd. Nefndinni bárust alls 665 verk, en það eitt sýnir grósku veflistar á Norðurlöndum, og úr þessum fjölda valdi hún 116 verk til sýningar. 16 íslenzkir veflistarmenn sendu inn verk og af þeim voru samþykkt verk eftir 6 listamenn og mega Islendingar vera stoltir af því hlutfalli. Hófst þessi sýning síðan í Listasafninu í Alaborg, fór þaðan til Höviksödden Listamiðstöðvarinnar í Osló, þaðan til Listasafnsins í Málmey, síðan til Waino Aaltonen Listasafnsins í Abo, en þaðan kemur sýningin hingað að Kjarvalsstöðum. Héðan fer hún svo til Listaskólans í Þórshöfn.

Hafa gagnrýnendur alls staðar lokið miklu lofsorði á þessa sýningu og er hún án efa ein sú glæsilegasta sem hingað hefur komið. Listamennirnir eru alls 95 og spanna verk þeirra yfir myndvefnað, teppi, ásaum, tauþrykk, „Patchwork"-teppi, macramé, rýjateppi, batík, prjón, góbelín, ofin skúlptúr og alls konar blandaða veftækni.

Menntamálaráðuneytið og Menntamálaráð styrktu þessa sýningu, Listráð að Kjarvalsstöðum hýsir hana og greiðir fyrir henni á ýmsan hátt, en undirbúning og uppsetningu annast þær Ásgerður Búadóttir, Þorbjörg Þórðardóttir, Sigrún Sverrisdóttir og Ragna Róbertsdóttir.

Þjóðvilj. 26/1 77

Listráð að Kjarvalsstöðum býður yður að vera viðstaddir opnun sýningar á Norrænni Vefjalist (Nordisk Textiltriennale) þann 29. janúar 1977 kl. 15, eða sækja hana síðar. Þessi sýning er sú stærsta sinnar tegundar sem haldin hefur verið á Norðurlöndum og taka þátt í henni listamenn frá Danmörku, Finnlandi, Noregi, Svíþjóð og Íslandi. Sýninguna opnar menntamálaráðherra, Vilhjálmur Hjálmarsson og verður hún opin frá 16 - 22 virka daga og frá 14 - 22 um helgar fram til 20. febrúar. Lokað er á mánudögum.

Tilboð fyrir tvo.

alþýðu-blaðið Sunnudagur 13. febrúar 35. tbl. —1977 —57. árg.

SUNNUDAGSLEIÐARI

Veflist að Kjarvalsstöðum

Að undanförnu hefur staðið yfir glæsileg sýning á norrænni veflist að Kjarvalsstöðum. Er hér um að ræða úrval af listaverkum á sviði veflistar frá Norðurlöndunum fimm, og hafa verkinþegar verið sýnd í Danmörku, Noregi, Svíþjóð og Finnlandi, en héðan fer sýningin til Færeyja. Á sýningunni eru 116 listaverk, valin af dómnefnd kunnáttumanna frá öllum Norðurlöndum úr 665 verkum, sem boðin voru til sýningar. Á sýningunni eru verk eftir sex íslenzka veflistamenn, en í dómnefndinni átti sæti Ásgerður Búadóttir af Islands hálfu. Hvarvetna hafa gagnrýnendur lokið miklu lofsorði á sýninguna, en áhugi á veflist hefur farið mjög vaxandi í Evrópu á undanförnum árum, og þá ekki hvað síst á Norðurlöndum.

Íslendingar hafa sérstaka ástæðu til þess að fagna mikilli sýningu á veflist. Um aldamótin síðustu var íslenzk myndlist á bernskuskeiði. Það var menning Íslendinga, sem bjargaði þeim sem þjóð í aldalöngum þrautum. Oft er sagt, að það hafi verið bókmenningin. Átt er m.a. við það, að þegar nútímamyndlist fæddist á Íslandi upp úr aldamótum, hafði almenningur einkum haft kynni af marglitum glansmyndum og skrautlegum vörumerkjum. En þá gleymist, að einmitt forn list hafði aldrei dáið út á Íslandi. Öldum saman hafði myndlist lifað lífi sínu í þessu fátæka og afskekkta landi, upphaflega erlend, en hafði fyrir mörgum öldum tengzt einkennum íslenzkrar ullar og íslenzkum litum. Heimsmenning kristninnar birtist í þessari list, í kórkápunum og altarisdúkunum, í söðuláklæðunum, sessuborðunum og reflunum. Enginn armóður og engin áþján megnaði að eyða áhuga íslenzkra kvenna á listinni í langar myrkar aldir. Hér var ekki eingöngu um að ræða listsköpun efnaðra og menntaðra hefðarkvenna. Þessi list lék ekki síður í hendi fátækrar alþýðukonu. Sú þökk er ómæld, sem íslenzk þjóð á að gjalda þeim íslenzkum konum, sem í þýðum samhljómi við nið aldanna varðveittu forna listhefð með þeim hætti, að þegar myndlist hafði leyst glansmyndir og vörumerki af hólmi, þá hófst öld nýrrar veflistar á Íslandi: Að sjálfsögðu ný viðfangsefni og ný tækni, en samt ekki list á barnsskóm, af því að hún átti sér þúsund ára sögu að baki.

Sýningin að Kjarvalsstöðum er íslenzkum veflistamönnum til sóma. Því ber að fagna, að hún fer um Norðurlönd öll. Frændur okkar fá að sjá, að Íslendingar eru ekki eftirbátar í þessum efnum, íslenzk veflist er ekki aðeins hlutgeng í norrænni veflist, — hún eykur fjölbreytni hennar og bætir hana með sérkennum sínum. Og norræn veflist er tvímælalaust þáttur heimslistar á þessu sviði.


GÞG



Ólafur Kvaran og Guðbjörg Kristjánsdóttir skrifa um myndlist



Nordisk textil-triennale 1976-77



Þorbjörg Þórðardóttir: Lífsmynstur konunnar.

Irma Kukkasjärvi : Skjól


Nordisk

Framhald af bls. 10.

of mikla varfærni í vali sínu, má vissulega draga þá ályktun, að hér sé saman komið raunhæft úrval, þó að sænsku listamönnunum frátöldum, er höfnuðu aðild að sýningunni. Eitthvað sem kalla mætti norræn einkenni er í fljótu bragði erfitt að koma auga á, þó virðist það vera flestum sameiginlegt að vinna á tvívíðum fleti, og lítið fer fyrir þrívíddar-verkum eða „textil-skúlptúr" (sem t.d. er þekktur úr pólskri veflist).

Aftur á móti er óhætt að draga þá ályktun, að íslenska framlagið hér — þó lítið sé að magni — standist fyllilega samanburð við önnur verk á sýningunni.

Ólafur Kvaran.



Ásgerður Búadóttir: Ís og eldur

Nú stendur yfir að Kjarvalsstöðum sýningin Nordisk Textiltriennale, eða Norræn veflist, og eru alls sýnd 116 verk eftir 95 listamenn. Sýningin var valin af dómnefnd veflistarmanna, sem í áttu sæti fulltrúar frá öllum Norðurlöndunum. Fulltrúi Íslands í dómnefndinni var Ásgerður Búadóttir.

Norrænn þverskurður

Í sýningarskrá Norrænu veflistarsýningarinnar kemur m.a. fram, að eitt meginmarkmið sýningarinnar sé að leggja áherslu á stöðu veflistar og jafnframt að leitast við að draga fram í dagsljósið verk listamanna, sem hingað til hafa ekki átt þess kost að koma verkum sínum á framfæri eftir hefðbundnum leiðum. Alls munu sýningarnefndinni hafa borist líðlega 600 verk, svo ætla má að sýningarhugmyndin hafi vakið mikinn áhuga meðal veflistarmanna. Sem að líkum lætur er þetta margbreytileg sýning bæði hvað snertir vinnuaðferðir og myndefni. Hér er myndvefnaður, röggvarteppi, ásaumur, taubrykk, „patchwork", batik, prjón og góbelín, svo eitthvað sé nefnt. Hvað myndefni varðar þá má með nokkurri alhæfingu greina þau í þrennt: abstrakt verk, hlutvakin verk er gjarna hafa að forsendu náttúruhrif, og raunsæ verk, þar sem rekin eru félagsleg erindi.

Abstrakt verk

Ef einhver ein myndgerð er ráðandi á sýningunni, þá eru það abstrakt eða óhlutlæg verk. Þrátt fyrir ólíka tækni og efnismeðferð, þá eru þau flest unnin á tvívíðum fleti þó t.d. „textil-skúlptúr", Kazuoko Tamaru, sé hér skemmtileg undantekning. Við skoðun þessara verka er það sláandi hve stór hluti þeirra stendur hugmyndalega nálægt því, sem gert hefur verið í málaralist undanfarna áratugi. Hér má t.d. nefna sterk áhrif frá geómetrísku flatarmálverki, í verkum Iette Thyssen, Kristin G. Jensen, Rut Malinovski, áhrif oplistar í verkum Maija Lavonen eða ljóðrænnar abstraktsjónar í verkum Kari-Björg Ile. Við skoðun þessara verka og fleiri áþekkra, þar sem eru Irma Kukkasjärvi, Anker Aurdal og Ásgerður Búadóttir. Ásgerður sýnir hér tvö vefnaðarverk „Ís og eld", unnið í ull og hrosshár. Í efnismeðferð sinni teflir hún saman sviflléttum hárum á móti þéttum grunni, og öll formgerð hennar býr yfir hnitmiðun og einstakri fágun í handbragðinu. Röggvarvefnaður Irmu Kukkasjärvi býr yfir gjörólíkum eiginleikum, þar sem grófleika efnisins er teflt saman á kraftmikinn hátt, svo niðurstaðan er óvenjulega kynngimagnaður myndheimur.

Náttúrulýsingar — raunsæi

Náttúrulýsingar af ýmsum toga eru nokkuð fyrirferðarmikill þáttur. Í þessa veru má tilgreina verk Prikko Hammarberg, sem einkennast af þungri og efnismikilli litaverkun og verk Brittu Tyrefors. „Avsked till en mark", en fersk náttúrulýsing hennar hefur yfir sér léttan og ljóðrænan blæ.

Íslensku listakonurnar Þorbjörg Þórðardóttir og Sigrún Sverrisdóttir hafa nokkra sérstöðu hér á sýningunni, þar eð þær taka fyrir félagsleg málefni, og þá einkum þau er varðar þjóðfélagsstöðu konunnar. Þorbjörg fjallar í „Lífsmunstur konunnar" um lífshlaup hennar frá brúðkaupi til elli, en Sigrún bregður ljósi á undirokun hennar og notar til þess á hugvitsamlegan hátt „karla-tákn" um innilokun og bælingu. Enda þótt þær Sigrún og Þorbjörg hafi sérstöðu hér á sýningunni með þessum myndefnum, sem þær setja fram á raunsæjan hátt, má þó ekki túlka það svo, að þær séu einstæðar í norrænni list (þó sýningin sé norrænt úrval). Staðreyndin mun víst vera sú að margir sænskir veflistarmenn sem einkum reka félagsleg erindi í verkum sínum neituðu að taka þátt í sýningunni, þar eð þeim fannst hana skorta skilgreint markmið.

Hvað speglar sýningin?

Það eru vissulega ýmsar spurningar sem vakna við skoðun þessarar samantektar á norrænni veflist, t.d. hvort hér sé um að ræða raunhæfan þverskurð af því áhugaverðasta, sem er að gerast í dag í norrænum myndvefnaði og ennfremur hvort finna megi einhver sameiginleg einkenni, er kalla mætti norræn. Varðandi

Einn litur — og listaverk verður til

„Hugmyndirnar skapast með ýmsu móti, stundum tekur maður sér lit í hönd og þar með verður kveikjan til að verkinu. Sumir teikna ekki einu sinni upp það sem þeir ætla að gera, heldur kemur þetta af sjálfu sér.“ Eitthvað á þessa leið mæltu þær Sigrún Sverrisdóttir, Þorbjörg Þórðardóttir, Ragna Róbertsdóttir og Ásgerður Búadóttir þegar við litum inn á blaðamannafund á Kjarvalsstöðum í gær. Þar stóðu þær í stórræðum við að setja upp afar fjölbreytta sýningu á norrænni veflist.

Upphafið var það að þeim í Danmörku fannst veflistinni ekki nægur gaumur gefinn og tóku sig til og skrifuðu til



Synnøve Anker Aurdal er einmitt að búa til verk fyrir Þjóðarbókhlöðuna okkar, en þetta verk nefnir hún „Rauða ballettinn“. Það er dóttir Ásgerðar, Þórunn, sem stendur þarna.

kollega sinna í greininni. Úr því varð svo sú sýning, sem okkur er gefinn kostur á að sjá hér nú. Sýningin hefur þegar verið í Svíþjóð, Danmörku Noregi og Finnlandi. Héðan fer hún til Færeyja.

Norðurlandabúar hafa stundað veflist frá örófi alda, í fyrstu til að skýla limum fyrir veðri og vindum, síðar til augnayndis eða til heiðurs Guði og fylgdarliði hans,“ eins og segir m.a. í fréttatilkynningu frá sýningunni, sem nefnist „Norræn veflist“.

Slík sýning sem þessi verður haldin á þriggja ára fresti og eiga þær að gefa fyllri hugmynd um það sem er að gerast í veflist á Norðurlöndum. Félag textílhönnuða annaðist undirbúning þessarar sýningar fyrir Íslands hönd.

Ásgerður Búadóttir var fulltrúi Íslands í dómnefnd kunnáttumanna frá öllum Norðurlöndum. 665 verk bárust og 116 verk voru valin til sýningar. 16 íslenzkir veflistarmenn sendu inn verk sín en 6 voru samþykkt til sýningar og geta Íslendingar verið stoltir af því hlutfalli.

Gagnrýnendur hafa lokið miklu lofsorði á þessa sýningu og er hún án efa sú glæsilegasta sem hingað hefur komið. Listamennirnir eru alls 95, þar af 3 karlmenn. Spanna verk þeirra yfir myndvefnað, teppi, ísaum, tauþrykk, „Patchwork“teppi, macramé, ryateppi, batik, prjón, góbelín, ofinn skúlptúr og alls konar blandaða veftækni.

Sýningin stendur frá 29. janúar til 20. febrúar. Flugleiðir munu veita fólki utan af landi sérstakan helgarafslátt meðan á sýningunni stendur.

Myndarlegt blað fylgir sýningunni og breytist aðeins hausinn eftir því í hvaða landi er sýnt. Blaðið hér ber nafnið „Kjarvalsstaðir — Reykjavík“.

EVI



Sigrún Sverrisdóttir, Ásgerður Búadóttir, Þorbjörg Þórðardóttir og Ragna Róbertsdóttir hafa lagt nótt við dag við að koma myndunum á norrænu veflistarsýningunni fyrir á Kjarvalsstöðum. Þær standa fyrir framan listaverk eftir finnsku listakonuna Irmu Kurkka-sjärvi.

Norræn veflist á Kjarvals-stöðum



Sigrún Sverrisdóttir stendur fyrir framan myndvefnaðinn sem hún nefnir „Að loknu dagsverki“ þar sem hún sýnir roskið fólk sem hefur ekki í annað hús að venda en íbúð í blokk og það finnst Sigrúnu heldur sorglegt.

DB-myndir Bjarnleifur.

Uppistaða og ívaf

Myndlist



Hrafnhildur Schram

Það er ekki oft sem annan eins hvalreka og norrænu vefjalistarsýninguna, sem nú stendur að Kjarvalsstöðum, ber á Íslandsstrendur og er þessi fyrsti þriæringur lofsvert menningarframtak norræna starfshópsins sem gerði hann að veruleika.Héðanfer sýningin til Færeyja sem erū síðasti viðkomustaðurinn, áður en sýningin kemur í heimahöfn í Álaborg, en þaðan lagði hún upp í sína miklu reisu um Norðurlöndin í ágústmánuði sl.

Norrænu dómnefndinni bárust 800 verk frá Norðurlöndunum fimm og var öllum frjálst að senda inn tillögur, án þess að um nokkuð bindandi þema eða aðrar kvaðir væri að ræða.

Síðan voru valin úr 116 verk, sem nú fylla hvern krók og kima að Kjarvalsstöðum og má ætla að sýningin gefi nokkuð góða hugmynd um norræna vefjalist í dag.

Hér er nú loksins komið tækifæri fyrir norræna vefara, sem draga á eftir sér sameiginlegan slóða gamallar vefjahefðar, að vinna vefjalistinni fastari sess í þjóðarvitundinni sem sjálfstæð listgrein, sem ekkert þarf að þiggja frá öðrum listgreinum. Og óneitanlega hefur vefjalistin það forskot fram yfir aðrar listgreinar, svo sem málaralist og höggmyndalist, að þarna er um að ræða efni sem allir þekkja og hafa komist í snertingu við. Að þremur árum liðnum fáumviðsíðan að sjá afrakstur þess innblásturs, samanburðar og örvunar sem þetta tilefni hlýtur að verða öllum þeim sem að vefjalist vinna.

Í fróðlegri sýningarskrá í broti fréttablaðs má sjá stefnuyfirlýsingar norrænu starfshópanna, svo og söguleg yfirlit vefjalistar í viðkomandi löndum. Björn Th. Björnsson getur þess í nokkrum punktum íslenskrar vefjasögu, að vefkonan muni hafa verið einn fyrsti lögverndaði iðnaðarmaðurinn á Norðurlöndum og sýnir það að þegar á miðöldum hefur vefjalist verið viðurkennd listgrein.

Að Kjarvalsstöðum kemur glöggt í ljós, hversu geysivíðfeðmt hugtakið „vefjalist" er. Þar fá inni ótal tjáningarform, svo semmyndvefnaður,röggvarvefnaður, vefþrykk, ásaumur, útsaumur, makramé, batik, hekl, prjón og fleira. Mörkin milli vefjalistar annars vegar og skúlptúrs og málaralistar hins vegar eru hér ákaflega óljós. Vefjalistin er ekki lengur háð veggnum, hún er vís með að koma til okkar niður úr loftinu eða feta sig eftir gólfinu., Það er einnig augljóst að norræna vefjalistin í dag er skapandi, en ekki þjónandi eins og hlutverk hennar hefur óhjákvæmilega verið á undanförnum öldum sem nytjalist. Þegar gengið er um sýningarsalina án þess að hafa sýningarskrá við höndina, er nær ógjörningur að flokka verkin niður eftir þjóðerni. Það sýnir ekki einungis að öll góð list er alþjóðleg, heldur einnig að þessir fimm álar norrænnar vefjalistar runnu eitt sinn út frá sömu uppsprettunni.



Sigrún Sverrisdóttir myndvefari við verk sitt Að loknu dagsverki.

Vel má vera að þessi séreinkenni norrænnar vefjalistar hafi orsakað það að framlög Norðurlandanna hafa átt erfitt með að fá inni á alþjóðlegum sýningum t.d. á vefjalistasýningunni í Lausanne og hefur það einnig orðið til að auka skilning á nauðsyn norræna þríæringsins. Pólverjar urðu á sjötta áratugnum fyrstir til að brjótast út úr sinni gömlu vefjahefð, sem farin var að sníða listrænu hugmyndaflugi þeirra og lífshugsjónum of þröngan stakk.



Sumarbrúðkaup Önnu Lenu Emden er unnið í prjón á einlægan og barnalegan hátt.

Allan sjötta áratuginn setti pólska vefjalistin, sem með sinni áhrifamiklu efnismeðferð seildist inn á svið skúlptúrs, svip sinn á evrópsku vefjalistina. Af pólskum vefjasnillingum má nefna Mariu Laszkiewicz, andlega móður nýja pólska vefnaðarins og frá vefstofu hennar hafa komið flest þeirra verka, sem aflað hafa Póllandi alþjóðlegra viðurkenninga. Að Kjarvalsstöðum eru pólsku áhrifin á greinilegu undanhaldi, raunsæja myndin er farin að ryðja sér rúms og gætir þess helst í verkum svía og íslendinga. En yfirgnæfandi meirihluti vinnur þó með náttúran er einnig hugkveikjan að verkum þriggja Íslendinga af 6. Þessi verk eru ekki aðeins rómantískar náttúrulýsingar, heldur flytja þær einnig sinn boðskap um náttúruvernd og það að hverjum manni beri að rækta sinn garð. Þennan boðskap má lesa í Rúg og kartöfluakri (39) Pirkko Hammarberg, sem er beinn óður til jarðarinnar, hugleiðing um gjafmildi hennar og þá ríkulegu uppskeru sem hún gefur af sér, ef vel er að henni farið. Pirkko beitir þarna ýmsum aðferðum til að ná fram dýpt og vídd. Hún grípur til hinnar gömlu finnsku röggvatækni, hnýtir og bindur bungu, eru náttúrustemmningarnar ákaflega sterkar, nöfn verkanna Ís og eldur (58, 59) undirstrika það frekar. Hún teflir fram andstæðum hvað snertir efnisval, mjúk ullin og stritt hrosshárið skapa spennu í því fullkomna jafnvægi sem á myndfletinum ríkir. Aftur í goðafræði rómverja hefur Synnöve Aurdal sótt nafn verk síns Janus (67), sem er mikið verk og þrískipt. Þetta er eins konar sjónbrelluverk, sem framkallar optísk áhrif á nethimnunni. Synnöve hefur brotið upp myndflötinn og alla fjarvídd og lætur óreglulega taflreiti sem hún hefur slitið úr verk eins og þeim er komið fyrir og Blóm (61) Sigurlaugar Jóhannesdóttur er ljóðrænt verk og heillandi. Sigrún Sverrisdóttir og Þorbjörg Þórðardóttir fara aðrar leiðir en landar þeirra. Þær nota hina raunsæju listmynd til að fjalla um þjóðfélagsleg vandamál og taka fyrir málefni kvenna. Verk Þorbjargar Lífsmunstur konunnar (65) er myndasaga um félagslega stöðu kynsystra hennar. Þar bregður hún upp og frystir fjögur augnablik úr lífi konunnar, giftingu, upppvott, barnagæslu og einmanaleika ellinnar. Þessi augnablik raðast í lífi konunnar, lífsmunstrið er útfyllt í myndinni. Annað verk Þorbjargar Eftir átta (66) er tvíeggjað og áleitið. Þar stendur konan við upppvottinn, meðan fjölskyldan eflaust situr við skjáinn. Upppvottabalann sem konan stendur við má einnig sjá sem sjónvarpsskjá. Þar sýnir myndin leirmunina sem hún þvær. Í Karlmenn og konur (63) Sigrúnar Sverrisdóttur er inntakið karlmannaveldi. Myndbyggingin er ákaflega margbrotin, þó hefur boðskapurinn ekki borið formið ofurliði,ennþá áhrifameiri hefði myndin kannski orðið á stærri fleti. Sigrún sýnir vinnulúið verkafólk með steinsteypukassa í baksýn í Að loknu dagsverki (64) á raunsæjan og væmnislausan hátt á sama hátt og ljósmyndavélin hefði gert.

Ásgerður Búadóttir sýnir ein fallegustu verkin á sýningunni. Þótt erfitt sé að finna ytri fyrirbæri úr náttúrunni, kannski aðeins gáru á vatni eða svellþjóðarbókhlöðu íslendinga. Ef vel er að gáð má í sýningarskrá finna fáeina karlmenn meðal þátttakenda. Þar á meðal eru þrír sem ekki eru af norrænu bergi brotnir en búsettir í Svíþjóð og minnir t.d. litskrúðugur svifskúlptúr japanans Kazuko Tamaro Regnbogahátið (111) á austurlenskan uppruna hans. Pólverjinn Gregor Fedyszyn, sem á eitt frumlegasta verk sýningarinnar (97) heklaðan gólfskúlptúr af lífrænum toga með löngu latnesku nafni sem leiðir hugann að kórölum, sver sig í ætt við lífrænan nútímaskúlptúr í heimalandinu Póllandi. Kannski eru framlög íslenskra karlmanna ekki langt undan!

Nina Gjestland sýnir verk (70) undir sterkum áhrifum frá list indíána og Nanna Hertoft, (12) einn helsti hvatamaður þríæringsins, opnar fagurrauðan fjallaheim ævintýralandsins undir silfurhimnum í tvískiptum vefnaði. Loftkennd og létt eins og þokuslæða eru verk Annette Juel (21, 22) þar sem uppistaðan án ívafs breiðir úr sér og óneitanlega eru þær skondnar og skemmtilegar prjónamyndirnar hennar Önnu Lenu Emden (93, 94 , 95) með barnslegu yfirbragði með eftirlætismyndaefni naivistans, brúðkaupi, á einni myndinni.


Vefþrykkið gegnir sama hlutverki innan vefjalistar og grafíkin innan myndlistar, ekki sem ódýrari og óæðri miðill, heldur sem sjálfstæð listgrein innan vefjalistar, þar sem möguleikar fjölföldunar geta haldið verðinu niðri. Myndvefnaður hlýtur alltaf að verða dýr vegna þeirrar miklu og seinlegu vinnu sem á bak við liggur. Erlendis mun nú vera hægt að velja um sömu mynd í myndvefnaði og vefþrykki og verður gaman að fylgjast með því hvort vefþrykkið á eftir að ná jafn skjótri útbreiðslu og grafíkin hér á landi á síðustu árum.

Vefþrykkin eru veikasti hlekkur sýningarinnar og gefa alls ekki rétta mynd af því sem gert er í dag á því sviði. Það er heillandi á þessari sýningu að sjá verk þeirra listamanna sem þekkja sitt efni, treysta því og vinna samkvæmt eðli þess og ná árangri sem virkar sannfærandi á því tiltekna sviði. Áþreifanlegt dæmi þess hversu illa getur farið þegar svo er ekki er verk Brittu Stenberg-Tyrefors (109) þar sem reynt er að flytja vatnslitamynd yfir í myndvefnað sem lýtur gjörólíkum lögmálum eins og nærri má geta um svo ólíkt efni. Útkoman verður sú að ferskleiki frummyndarinnar fer forgörðum við þennan flutning, tjáningar-



SENDIBÍLASTÖÐIN HF

Úr helgarblaði Vísis
Föstudagur 28. janúar 1977 VÍSIR



Þetta verk norsku listakonunnar Synnevu Aurdal heitir Rauður ballett. Synneva vinnur nú að norsku gjöfinni í Þjóðarbókhlöðuna langþráðu.

Vefnaður á flakki um Norðurlöndin

Glæsileg sýnishorn norrænnar veflistar að Kjarvalsstöðum

Umsjón: Sigurveig Jónsdóttir

„Það er mikil hvatning sérstaklega fyrir okkur sem erum að byrja á þessu að fá tækifæri til að senda verk á svona sýningu," sagði Þorbjörg Þórðardóttir þegar Vísir leit inn að Kjarvalsstöðum þar sem þær Ásgerður Búadóttir, Sigrún Sverrisdóttir, Ragna Róbertsdóttir og Þorbjörg voru að ganga frá uppsetningu sýningar á norrænni veflist.

Sýningin heitir Nordisk textiltriennale 1976-77 og var hún fyrst opnuð í Listasafninu í Álaborg í fyrrasumar. Síðan hefur sýningin verið í Höviködden listamiðstöðinni í Osló, Listasafninu í Málmey og Waino Aaltonen listasafninu í Abo. Héðan fer hún svo til Listaskálans í Þórshöfn.

Mikil lyftistöng

Þessi veflistarsýning er hin fyrsta sinnar tegundar, en fyrirhugað er að sams konar sýning verði haldin þriðja hvert ár og fari þá um öll norðurlöndin eins og nú. Aðalhvatamaður að sýningunni var Nanna Hertoft frá Danmörku.

Ásgerður Búadóttir sagði í samtali við Vísi að það yrði mikil lyftistöng fyrir vefnaðarlistina hér ef framhald yrði á þessu, en það væri talsvert undir því komið hvernig þessi sýning tækist. Eftir móttökum gagnrýnenda að dæma hefur tekist vel til, því þeir hafa alls staðar lokið miklu lofsorði á sýninguna.

Ásgerður sat fyrir Íslands hönd í dómnefnd kunnáttumanna frá öllum norðurlöndunum. Sagði hún að nefndinni hefðu borist 665 verk og úr þeim fjölda hafi verið valin 116 verk 95 listamanna. 6 íslenskir listamenn eiga verk á sýningunni, en alls sendu 16 Íslendingar inn verk.

Veggirnir erfiðir

Þær Ásgerður, Sigrún, Ragna og Þorbjörg létu allar vel af sýningunni og töldu mikinn feng að henni hingað. Hins vegar sögðu þær að veggir sýningarsalanna að Kjarvalsstöðum hentuðu ekki vel fyrir sýningu á listaverkum úr vefnaði. Hefðu þær heldur kosið að veggirnir væru hvítir, þar sem þá væri engin hætta á að verkin féllu inn í bakgrunninn.

Verkin á sýningunni spanna yfir myndvefnað, teppi, ásaum, tauþrykk, „Patchwork"-teppi, macramé, ryjateppi, batik, prjón, góbelín, ofinn skúlptúr og allskonar blandaða veftækni.

Sýningin verður opnuð á laugardaginn og stendur til 20. febrúar. Þess má geta að Flugleiðir bjóða fólki utan af landi sérstakan helgarafslátt meðan sýningin stendur yfir.



Sigrún Sverrisdóttir, Ragna Róbertsdóttir, Þorbjörg Þórðardóttir og Ásgerður Búadóttir önnuðust undirbúning og uppsetningu sýningarinnar, en þær eiga þar allar verk. Hér eru þær hjá verkum Ásgerðar, sem bæði heita ís og eldur.

Ljósm. JA.

Norræn veflist

Myndlist

eftir VALTÝ PÉTURSSON


Það má til sanns vegar færa að nú standi yfir ein af glæsilegustu sýningum sem efnt hefur verið til á Kjarvalsstöðum. Það er vefnaður í ýmsum myndum og útgáfum, sem gleður þar huga manns. Vefararnir eru frá öllum Norðurlöndunum, og er hér um úrval að ræða, þótt sýnendur séu hvorki meira né minna en 95. Það eru 116 listaverk á þessari sýningu, og má af því sjá, að fjöldi sýnenda á þarna aðeins eitt verk. Virðist því hafa verið valin sú leið við gerð sýningarinnar í upphafi að gera hana sem fjölþættasta og umfangsmikla. Af þessu leiðir einnig, að nokkuð misjöfn verk eru þarna á tvist og bast en ekki verður annað sagt en að heildarval hafi tekist ágætlega og að þessi sýning í heild sé mikill og merkur viðburður í veflist norrænna landa. Mikill meirihluti þessara verka virðist í besta gæðaflokki, hvað listræn sjónarmið áhrærir og tæknilega meðferð. Þarna eru einnig margar aðferðir til vefnaðar notaðar, svo margar, að ég geri ekki tilraun til að gera því atriði skil, enda er ég ekki það vel að mér í þessari listgrein, að ég treystist til slíks. Þetta er gríðarlega umfangsmikil sýning og fyllir hvern krók og kima á Kjarvalsstöðum, báðir salir notaðir og gangar einnig. Það er því ekkert áhlaupaverk að kynna sér þessa sýningu svo að gagni sé. Í stuttu skrifi verður að stikla á stóru, og auðvitað verður margt ósagt, þar sem efniviðurinn er svo mikill, að langhundur dugar varla til að gera þessu skil. En langhundar um sýningar eru eitur í mínum beinum þótt ekki sé nema vegna þeirra sanninda, að fólk les þá ekki.

Þessi sýning ber fyllilega með sér þá litagleði og fjörlegt efnisval, sem virðist einkenna norræna veflist um þessar myndir. Það er áberandi hve margir af þessum vefurum aðhyllast hið abstrakta form, sem óneitanlega virðist falla sérlega vel að efni og veftækni yfirleitt. Þetta er ekkert nútímafyrirbæri, heldur finnanlegt ekki síður í gömlum vefnaði en nýjum. Það eru helst íslensku vefararnir sem tjá sig í fígúratívri myndgerð, að undantekinni Ásgerði Ester Búadóttur, sem á þarna verk, er sverja sig mjög í formfestu og litameðferð hennar. Annars held ég, að við Íslendingar megum vel við una okkar part á þessari sýningu, og er ástæða til að þakka framlag okkar að þessu sinni.

Ef ég veit rétt, fer þessi sýning víða um Norðurlönd. Hún hefur þegar verið í Danmörk og næsti áfangastaður mun verða Þórshöfn í Færeyjum. Hér er því merkt norrænt samstarf á ferð, sem minnir á hinar sálugu sýningar Norræna listbandalagsins, sem voru um langan aldur einasta leiðin fyrir okkur hér á landi að taka virkan þátt í myndlist á Norðurlöndum. Því miður hefur ekki enn komið neitt það fram hjá Listbandalaginu, sem bætir upp þessar sýningar, nema hvað mér finnst vefarar vera hér á réttu plani, og sannarlega vonast ég til að orðið geti framhald á þessum sýningum, sem ætlað mun vera að halda á þriggja ára fresti.

Þegar litið er yfir þessa sýningu, tekur maður strax eftir því, hve vegnaður getur verið það sem kallað er á útlensku „Monumental" Þannig er hið stórglæsilega verk BERIT HJERHOLT í þremur hlutum „Mod Lys", No 19 er sterkt verk eftir KIRSTEN GREGER JENSEN og No. 28, „Masuren" vakti óskipta athygli mína. Jette Nevers sýnir einnig magnþrungið verk, „„Sejl" no. 29, sem er vefnaður í tveimur pörtum, einfalt, sterkt og óvenjulegt. EVA BRUMMER sýnir tvö verk, og No 38. finnst mér mjög fínt í lit og vel byggt verk. MAIJA LAVONEN sýnir ágætt verk, sem hún kallar „Grafísk rytme" og er unnið í fínni en ákveðinni línuhrynjandi. Eitt ágætasta verkið á þessari sýningu er eftir SYNNÖVE ANKER AURDAL frá Noregi, No 67 „JANUS" unnið úr ull og nylon í þrem hlutum. ELI NORDBÖ sýnir einnig mjög áhrifaríka litameðferð í þeim tveim verkum er hún á þarna á sýningunni. INGRID EGGMANN JONSSON á glæsilegt verk, No, 90. ANNA LENA EMDEN sýnir litríkan og sérstæðan útsaum, sem ég hafði sérlega ánægju af. ROSE GAUERMANN sýnir eitt stærsta verkið á sýningunni, hnitmiðað í litameðferð, „Solen går ned" No. 98. SILJA KARLSSON sýnir eitt verk, sem átti mjög vel við minn smekk, No 104 „Snelös vinter". Að síðustu nefni ég sérkennilegt verk eftir KASUKO TAMARU, no. 111 „Regnbuens fest".


Auðvitað er margt fleira sem hér mætti minnast á, en ég læt þetta nægja að sinni. Þetta er sýning, sem flestir ættu að sjá, og ég er viss um, að allir hafa ánægju af að kynnast því, hvernig þessi gamla og þróaða listgrein lítur út á tuttugustu öld meðal Norðurlandabúa. Þessi sýning er mikill fengur fyrir okkur hér og hefði ekki verið möguleg, ef Kjarvalsstaðir væru ekki á sínum stað. En ég verð að enda þetta skrif með því að geta þess, að sjaldan eða aldrei hef ég verið eins óánægður með loftið á Kjarvalsstöðum og nú. Það bókstaflega étur mikið af þessum vefnaði upp, ef svo mætti að orði kveða. Því miður.




Jette Nevers: „Sjel", vefnaður í tveimur hlutum.



Maria Yourstone: „Portræt af Lasse Hallström", vefnaður.




Anna lena Emden: „Stikker til sös", útsaumur.



Eva Brummer: „Lys-Vinduet", tvöfaldur vefnaður.

NORRÆN VEFLIST









Myndirnar eru af verkum fjögurra kvenna á norrænu veflistarsýningunni að Kjarvalsstöðum. Fleiri myndir frá sýningunni eru á bls. 8—9. Hér að ofan er verk Ásgerðar Búadóttur: **Ís og eldur;** það er vefnaður úr ull og hrosshári, gert í minningu Gerðar. Litlu myndirnar, talið að ofan: **Sommarbryllup,** útsaumur eftir Anna Lena Emden, þá miðju: **Mod natten,** vefnaður úr hampi og hör eftir Grete Balle, og neðst: **Karlmenn og konur,** vefnaður eftir Sigrúnu Sverrisdóttur.

Lesbók Morgunblaðsins

7. tbl. 20. febrúar 1977, 52. árg.

Sigurjón Björnsson skrifar um persónuproska og ofdrykkju

BÍLL ÁRSINS 2000



Norræna dómnefndin að störfum: frá v.: Agneta Hobin (túlkur), Pirkko Hamberg, Finnlandi, Hans Krondahl, Svíþjóð, Ásgerður Búadóttir, Íslandi, Franka Rasmussen, Danmörku, og Aase Frogner, Noregi.

Norræn veflist að Kjarvals-stöðum



Sigrún Sverrisdóttir við myndir sínar á sýningunni.

Í dag verður opnuð að Kjarvalsstöðum stór sýning á norrænni veflist — Nordisk Textiltriennale eins og hún nefnist á skandinavísku.

Þetta er í fyrsta sinn sem efnt er til samnorrænnar sýningar á veflist, en ætlunin er að þær verði haldnar á þriggja ára fresti eftirleiðis. Það eru félög veflistarmanna á Norðurlöndum sem eiga hugmyndina að þessari sýningu og hafa undirbúið hana, en styrks hafa þau notið frá Norræna menningarmálasjóðnum.

Auglýst var eftir verkum og skipuð dómnefnd þar sem Ásgerður Búadóttir var fulltrúi Íslands. Geysimikill áhugi reyndist á þátttöku, því alls bárust nefndinni 665 verk. Úr þessum fjölda voru valin 116 verk til sýningar. 16 íslenskir listamenn sendu verk og hlutu 9 verk 6 listamanna náð fyrir augum dómnefndar. Alls eiga 95 listamenn verk á sýningunni.


Sýning þessi var svo fyrst sett upp í Listasafninu í Álaborg í Danmörku, þaðan fór hún til Hövikodden listamiðstöðvarinar í Osló, þaðan til Listasafnsins í Málmey, næst til Waino Aaltonen listasafnsins í Åbo og nú er hún komin hingað. Eftir að sýningunni lýkur hér á landi verður hún send til Listaskálans í Þórshöfn í Færeyjum.

